



Einn algærnasti bletturinn að fjallabaki, þangað komast bara fuglím fljúgandi og göngumenn á tveimur jafnflötum. Myndina tók Engilbert Sigurðsson árið 2014.

Friðland að F/fjallabaki - Hattver

Eftir harðan vetur á friðlandinu góða, Íslandi, er ráð að hita sig aðeins upp fyrir sumar að fjallabaki og rifja upp hvaða fjörefni er þar að finna.

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979. Tilgangur friðlýsingar er að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum. Fjölbreytt landslag, sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn og kyrrð eru megin-einkenni Friðlands að Fjallabaki. Litadýrð er mikil, m.a. fyrir líparít og hrafntinnu í fjöllum.

af vef Umhverfisstofnunar, ust.is

Í Jökulgili að fjallabaki, í suðaustur út frá Landmannalaugum að Torfajökli, eru Barmur og Hábarður austan við gilið en að

vestanverðu eru Grænagil og Brandsgil, hrikaleg og litskrúðug. Fjöllin þarna eru úr ríólíti og innbökuð með brennisteini og öðrum jarðfræðilegum kræsingum. Innst í giliinu er fjallið Hattur og fjær eru Torfajökull, Kaldaklofsjökull og Reykjafjöll. Undirleikari er Jökulgilskvísl sem ólmast um gilið þegar verst lætur og er haldið frá Landmannalaugum með varnargörðum. Hattver heitir þessi paradís og er sannarlega utan alfaraleiðar og hvers kyns þjónustusvæðis. Svæðið tekur til kostanna allan skilning og vitund mannsins, - líka málskilning. Hvað er ver? Húnaver, eggver, kvikmyndaver, sængurver, Hattver eða álver?

Ólafur Örn Haraldsson skrifaði Árbók Ferðafélags Íslands árið 2010 og hún heitir Friðland að Fjallabaki. Í bókinni er allt sem einn ferðalangur þarf í veganesti um þessar slóðir.

Védis